

boenda
FERÐIR

MARAÐON Í CHICAGO



11. – 14. október 2019



Bandaríkin

Ferðalýsing

Chicago maraþonið er ekki eingöngu þekkt fyrir **hraða** og **flata** braut heldur jafnframt ómælda **stemningu** sem hvetur þátttakendur til dáða og gerir upplifunina einstaka. Maraþon hlaupaleiðin er sannkölluð skoðunarferð um þessa sögufrægu borg en farið er um 29 hverfi borgarinnar og bæði byrjað og endað í **Grant Park**. Maraþonið er með vinsælustu maraþonum heims og má búast við keppendum frá öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna og frá yfir 100 löndum heims. Chicago borg er heillandi borg sem gaman er að dvelja í og margt að skoða, þar má meðal annars nefna **Willis Tower**, Navy Pier og fjölmörg áhugaverð söfn á borð við The Field Museum og John G. Shedd sæðýrasafnið.

4 dagar | 3 nætur í Chicago



Maraþonið 13. október 2019

The Bank of America Chicago maraþonið er þekkt fyrir sína hröðu og flötu braut og laðar að sér marga af helstu atvinnuhlaupurum heims enda eitt af sex Abbott World Marathon Majors hlaupunum. Fjögur heimsmet hafa verið sett í Chicago maraþoninu, nokkur landsmet og óteljandi persónuleg met hlaupara um allan heim. Maraþonið er eitt vinsælasta hlaup í heimi og Chicago borgin, sem þykir ein af mest heillandi borgum Bandaríkjanna, iðar af lífi dagana kringum hlaupið. Um 45.000 hlauparar taka þátt í maraþoninu.



Hlaupaleiðin er sannkölluð skoðunarferð um þessa sögufrægu borg. Maraþonið hefst og endar í Grant Park en hlaupararnir leggja leið sína um 29 hverfi borgarinnar. Á leiðinni eru þeir hvattir áfram af um 1.7 milljón áhorfenda. Ýmiskonar tónlistaratriði auka líka enn frekar á stemninguna. Eftir 37 km liggur hlaupaleiðin inn Michigan Avenue í átt að endamarkinu. Það fer ekki milli mála hvenær styttest í markið, þar blasa við skýjakljúfar hvert sem litið er.

Fáar brekkur eru á leiðinni en þó er einn aflíðandi kafli við endamarkið sem margir hlauparar gleyma ekki. Brekkan er stutt og alls ekki brött og maður tæki varla eftir henni ef ekki lægju 41 km að baki. Hún tekur vel á

móti þér en það gera einnig þúsundir áhorfenda og kynnirinn í markinu þegar endamarkið nálgast. Vefsíða Chicago maraþonsins er:

<https://www.chicagomarathon.com/>

Chicago

Chicago, er þriðja stærsta borg Bandaríkjanna og þekkt fyrir heillandi arkitektúr, skýjakljúfa og kennileiti, líkt og Tribune Tower og John Hancock Center. Borgin hefur að geyma fjölbreytta og alþjóðlega menningarflóru, mikið íþróttalíf og matarmenningu frá öllum heimshornum. Fjöldmörg söfn eru í borginni og ætti engum að leiðast.



Vinsælt er að fara upp í annan tveggja hæstu turna borgarinnar. Í Willis Tower (sem heimamenn kalla Sears tower) er hægt að fara upp í Skydeck Chicago þar sem stíga má inn í nokkurskonar glerbox og sjá borgina blasa við beint fyrir neðan fætur þér. Það er einnig upplifun að fara upp í John Hancock Observatory en þar er gott útsýni yfir borgina og Lake Michigan. Daginn fyrir maraþonið er gott að hvíla fætur og njóta þess að fara í bátsferð um borgina þar sem arkitektúr hennar er sérstaklega skoðaður.



Hótelið

Gist verður á Swisshotel Chicago sem er einstaklega vel staðsett 4* hótél í hjarta borgarinnar. Stuttur gangur er í Grant Park þar sem hlaupið hefst og endar. Einnig er stuttur gangur að þekktum kennileitum borgarinnar á borð við Cloud Gate, verslunargötuna Magnificent Mile og Navy Pier.

Verð

119.900 kr. á mann í tvíbýli | 119.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Athugið að þátttökugjald og flug er ekki innifalið í verði.

Innifalið

- ✓ Gisting í 3 nætur á hótelinu Swisshotel Chicago.
- ✓ Morgunverður á veitingastað hótelsins.



- ✓ Réttur á skráningu í Chicago maraþonið. **Bændaferðum er skylt að selja hlaupanúmerið sem hluta af ferðapakka.**
- ✓ Undirbúningsfundur með reyndum hlaupara fyrir ferð.

Þátttökugjald í Chicago maraþonið er 79.900 kr.

Með bókun í ferðina öðlast farþegar rétt á öruggri skráningu í Chicago maraþonið (athugið að skráningin í hlaupið er ekki innifalin í pakkanum). Bændaferðum er skylt að selja hlaupaskráninguna sem hluta af ferðapakka.



Innifalið í skráningargjaldinu

- ✓ Hlaupanúmer í Chicago maraþonið, ásamt tímaflögu.
- ✓ Aðgangur að hlaupasýningu.
- ✓ Stuttermabolur og tímarit um hlaupið.
- ✓ Glæsilegur verðlaunapeningur.



Abbott World Marathon Majors

Chicago er eitt af Abbott World Marathon Majors hlaupunum sem margir hlauparar hafa að markmiði að klára. Abbott World Marathon Majors er mótaröð fyrir bæði atvinnu- og áhugamenn. Í hlauparöðinni eru þekktustu og stærstu maraþon heimsins, þ.e. **Tokyo, London, Berlín, Chicago, New York og Boston**. Ár hvert keppa atvinnumenn innbyrðis í stigakeppni hlauparaðarinnar sem nú fer fram í 12. sinn. Það eru þó ekki einungis atvinnumenn sem taka þátt í Abbott World Marathon Majors því allir þeir sem ljúka öllum sex hlaupunum eru skráðir á frægðarvegginn og kallast „six star finishers“. Þeir sem ná afrekinu fá sérstakan verðlaunapening sem samanstendur af verðlaunapeningum úr öllum sex hlaupunum. 4113 hlauparar um allan heim hafa hlotið þann heiður að vera skráðir á frægðarvegginn og þar af eru 17 Íslendingar, sem margir hverjir hafa náð þeim árangri með Bændaferðum.



Björn Rúnar Lúðvíksson lauk 6. hlaupinu í Berlín 2018 með Bændaferðum

Bændaferðir er umboðsaðili fyrir Abbott World Marathon Majors á Íslandi og tryggja örugga skráningu í öll hlaupin.